Fundargerð 22. fundar stjórnar Minjasafnsins á Akureyri 6. október 2021

Fundur haldinn á Zoom kl. 15:00.

Fundinn sátu: Sigfús Karlsson, formaður, Elísabet Ásgrímsdóttir, Inga Elísabet Vésteinsdóttir ásamt Huldu Fanney Ívarsdóttur, Þorsteinn Krüger, Sigríður Rósa Sigurðardóttir og Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri.

1. **Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og samþykkt.**

2. **Fjárhagsmál**

   Haraldur Þór kynnti rekstrarreikning fyrstu átta mánuði ársins og áætlun um tekjur og útgjöld út árið 2021. Rekstur safnsins er í góðu jafnvægi og útlit um að svo verði út árið. Þar skiptir mestu að tekjur hafa aukist í samræmi við aukinn ferðamannastraum. Einnig hafa rekstrarútgjöld verið í áframhaldandi endurskoðun.

3. **Verkefnin framundan.**

   ***Innra starf*:**

   Hörður Geirsson sérfræðingur á ljósmyndasviði vinnur að gerð yfirlits yfir ljósmyndasöfn sem safnið varðveitir. Jafnframt er í undirbúningi að setja upp síðu með helstu ljósmyndurum og verkum þeirra.
   Inga Lára Baldvinsdóttir, fv. starfsmaður ljósmyndasafns Íslands á Þjóðminjasafninu kom í september og var til skrafs og ráðagerða varðandi safnkost og varðveislu ljósmyndasafns Minjasafnsins.

   Unnið er að því að ljósmynda gripi sem ekki eru með myndir í gagnagrunninum Sarpur.is. Jafnframt er unnið að gæðaeftirliti með þeim færslum sem eru nú þegar í Sarpi og verið að færa inn upplýsingar frá notendum sem veita safninu reglulega nýjar og betri upplýsingar um ljósmyndir safnsins.

   Safnfræðsla

   Þórgunnur Þórsdóttir hefur tekið tímabundið við starfi safnkennara af Rögnu Gestsdóttur sem er í barnsburðarleyfi. Þórgunnur er að setja sig inn í starfið en Covid ástandið hefur haft áhrif á komu hópa. Samhliða því að undirbúa árlega jólasýningu er unnið að gerð fræðslu í tengslum við hana sem er stærsta einstaka verkefni fræðsludeildar á hverju ári.

   Sýningar og viðburðir:

   Undirbúningur er hafinn fyrir nokkru að afmælisári safnsins 2022 en þá er safnið 60 ára.

   Þar verður m.a. tekin í notkun hljóðleiðsögn á Minjasafninu og Laufási. Gert er ráð fyrir að stórir viðburðir verði í hverjum mánuði. Nánar verður fjallað um viðburði og væntanlegar sýningar á næsta fundi og í fjárhagsáætlun.

   Lagt var til að í tengslum við afmælisár safnsins að haldin yrði móttaka fyrir bæjar- og sveitastjórnafulltrúa þar sem starf safnsins og starfsfólk yrði kynnt nýjum fulltrúum í vor.

   Unnið er að gerð árlegrar jólasýningar safnsins.

   Í Davíðshúsi hafa farið fram vinsælir ljóðaviðburðir í sumar og halda áfram út árið. Færri komust að en vildu á síðasta viðburði á skáldastund með Sigurði Ingólfssyni 25. september sl. Mikill áhugi er einnig meðal ljóðskálda að fá að vera með viðburð í Davíðshúsi.

   Næstu viðburðir þar er Litla ljóðahátíðin 21.-23. október en einnig eru á döfinni upplestrar í nóvember.

Stefnt að því að halda hátíðlegan fyrsta vetrardag 23. október í Minjasafninu með tónlist og leikjum. 19. nóvember verður þjóðbúningadagur á Minjasafninu í samstarfi við Handraðann og Heimilisiðnaðarfélagið.

Í desember er ráðgert að halda jóladag í Minjasafninu, Nonnahúsi og Leikfangahúsinu 12. desember og jólasveinadag 19. desember.

Fjármál, markaðsmál og umhverfi:

Unnið er að umsóknum til KEA, Safnaráðs og SSNE fyrir starfsemi næsta árs.

Framkvæmdir við stíg að Nonnahúsi sem hófust í apríl lauk ekki fyrr en um miðjan september. Þeim er þó ekki að fullu lokið. Safnið var því lokað bróðurpart sumars þegar mestur er gestagangur að jafnaði. Opnunartími í Leikfangahúsinu var aukinn til að vega upp á móti.

Upptökur verða í Laufási í nóvember vegna vinsæls bresks sjónvarpsþáttar. Slíkt er ekki aðeins upphefð heldur gott markaðstæki.

Unnið er að markaðsefni fyrir næsta ár bæði prentefni og auglýsingum fyrir útvarp.

4. Heimsókn Karl-Werner Schulte og móttaka

Þann 26. október er fyrirhugað að Karl-Werner Schulti færi Akureyrarbæ og Minjasafninu síðasta hluta kortasafnsins. Hann hefur einnig látið gera heimasíðu fyrir kortasafnið og framkvæmt samanburðarrannsókn á Íslandskortasafninu sem Minjasafnið varðveitir og því sem Landsbókasafnið býr yfir. Af þessu tilefni bíður Karl-Werner til móttöku á safninu þar sem gjöfin verður afhent, sérstaða þessarar safneignar kynnt og heimasíðan opnuð.

Safnstjóra og formanni stjórnar var falið að undirbúa móttökuna og boðsbréf.

5. Önnur mál.

Lífeyrisréttindi

Safnstjóri upplýsti fundinn um að stéttarfélagið Kjölur ætti í viðræðum við stjórn lífeyrissjóðsins Brúar um réttindi starfsfólks Minjasafnsins og annarra stofnanna til að greiða í A-deild Brúar.

Safnstjóra falið að afla frekari upplýsinga um stöðu þessara viðræðna.

Ákveðið að næsti fundur verði haldinn miðvikudaginn 3. nóvember kl. 15:00.

Fundi slitið 17:21.

Fundargerð ritaði HÞE